

HS Veitur hf - Ársreikningur 31. desember 2023



Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2023 var samþykktur á fundi stjórnar í dag 16. febrúar 2024.

Helstu atriði

Hagnaður ársins 2023 var 1.023 m.kr. á móti hagnaði árið 2022 upp á 806 m.kr.

EBITDA var 3.918 m.kr. (39,7%) árið 2023 á móti 3.564 m.kr. (41,1%) árið 2022.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 31. desember 2023 er 45,0% en var 44,5% í ársbyrjun.

Veltufjárlutfall var 1,36 þann 31. desember 2023 samanborið við 1,61 í árslok 2022.

Hluthafar félagsins eru þrír og skiptist hlutfjáreign þeirra þannig 31.12.2023:

Reykjanesbær	50.10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	49.80%
Suðurnesjabær	0.10%

Almenn umfjöllun

Hagnaður ársins 2023 nam 1.023 m.kr. á móti hagnaði árið 2022 uppá 806 m.kr. Hagnaður af reglulegum rekstri hækkaði um 293 m.kr. Hagnaður fyrir fjarmagnsliði jókst um 292 m.kr. Tekjur hækkuðu um 1.207 m.kr. þar af 1.004 m.kr. vegna tekna af orkusölu.

Tekjur hækkuðu um 13,9% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna 9.870 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 5.344 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 3.012 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 795 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 720 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir árið 2022 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 8.663 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 4.801 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 2.627 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 717 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 517 m.kr.

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 880 m.kr. eða 16,4 % á milli ára. Kostnaðarverð sölu nam 6.244 m.kr. árið 2023 (62,2% m.v. tekjur) á móti 5.387 m.kr. árið 2022 (62,2% m.v. tekjur). Meðal helstu rekstrarliða eru raforkuflutningur 1.366 m.kr. (13,73% tekna), kaup á heitu vatni 1000 m.kr. (10,1%), orkukaup hitaveitu í Eyjum 531 m.kr. (5,4%), raforka vegna tapa í dreifikerfum 184 m.kr. (1,9%) og kaup á ferskvatni 82 m.kr. (0,8%). Alls nema þessir liðir þá 3.082 m.kr. eða 31,2% af tekjum.

Annar rekstrarkostnaður hækkar á milli ára um 34,8 m.kr. (849 m.kr. 2023 en 814 m.kr. árið 2022). Laun og launatengd gjöld hækka um 54,7 m.kr. (13%), skrifstofukostnaður hækkar um 25,5 m.kr. (8,7%) og sameiginlegar afskriftir lækka um 45,4 m.kr. (-45,4%)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 1.551 m.kr. á árinu 2023 en voru neikvæð um 1.553 m.kr. á árinu 2022. Verðbætur langtímalána hækkuðu um 8,9 m.kr., voru 1.151 m.kr. 2023 m.kr. á móti 1.142 m.kr. árið 2022. Vaxtagjöld hækkuðu um 73 m.kr., voru 562 m.kr. 2023 en 488 m.kr. 2022. Til viðbótar kemur hækkan vaxatekna um 85. m.kr., voru 162 m.kr. 2023 en 77 m.kr. 2022.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 203 m.kr. árið 2023 á móti 127 m.kr. árið 2022. Tekið er fram að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti og var virk skattprósenta því 16,6% árið 2023 en var 13,6% 2022.

EBITDA ársins 2023 er 3.918 m.kr. (39,7%) á móti EBITDA 3.560 m.kr. (41,1%) fyrir árið 2022.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru fastafjármunir HS Veitna hf þann 31. desember 2023 bókfærðar á 31.758 m.kr. og hækkuðu um 1.016 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í veitukerfum 2023 námu alls um 1.996 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.509 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 356 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 131 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 1.424 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.044 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 274 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 105 m.kr. Aðrar fjárfestingar svo sem fasteignir, upplýsingakerfi og bifreiðar voru samtals 152 m.kr. á árinu 2023 en 177 m.kr. árið áður og síðan voru seldar bifreiðar fyrir 23 m.kr. en árið áður voru seldar bifreiðar fyrir 47 m.kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé í árslok 15.725 milljónir króna og er eiginfjárlutfall félagsins 45%. Eigið fé HS Veitna hf nam 15.202 m.kr. þann 31. desember 2022 og eiginfjárlutfall félagsins 44,54%.

Fjárhagsstaða félagsins þann 31. desember 2023 er sterk og horfur um rekstur þess góður. Áfram verður unnið að stækkan veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og til að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Í áætlunum fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að fjárfestingar HS Veitna hf. verði um 3.100 m.kr. Af fjárfestingunum eru 2.170 m.kr. í raforkukerfunum, 450 m.kr. í hitaveitukerfunum, 180 m.kr. í ferskvatnskerfunum og 300 m.kr. í öðrum fjárfestingum. Afskriftir eru áætlaðar um 1.192 m.kr. og afborganir langtímaskulda 1.019 m.kr. Heildartekjur eru áætlaðar 10.302 m.kr., hagnaður 1.327 m.kr. og EBITDA 4.120 m.kr. (40%)

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	2023	%	2022	%	Breyting milli ára
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	9,870,380	100.0%	8,663,149	100.0%	13.9%
Kostnaðarverð sölu	(6,243,961)	(63.3%)	(5,363,599)	(61.9%)	16.4%
Vergur hagnaður	3,626,419	36.7%	3,276,600	37.8%	10.7%
Annar rekstrarkostnaður	(849,061)	(8.6%)	(814,204)	(9.4%)	4.3%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	2,777,358	28.1%	2,485,346	28.7%	11.7%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1,550,693)	(15.7%)	(1,552,502)	(17.9%)	(0.1%)
Hagnaður af reglulegri starfsemi	1,226,665	12.4%	932,844	10.8%	31.5%
Niðurfelling langtímaskuldar	0	0.0%	0	0.0%	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1,226,665	12.4%	932,844	10.8%	31.5%
Tekjuskattur	(203,283)	(2.1%)	(127,117)	(1.5%)	59.9%
Hagnaður ársins	1,023,382	10.4%	805,727	9.3%	27.0%
	12/31/2023		12/31/2022		
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	31,757,839	90.9%	30,741,835	90.1%	3.3%
Veltufjármunir	3,185,705	9.1%	3,391,244	9.9%	(6.1%)
Eignir samtals	34,943,544	100.0%	34,133,079	100.0%	2.4%
Eigið fé	15,725,534	45.0%	15,202,152	44.5%	3.4%
Langtímaskuldir	16,881,964	48.3%	16,830,516	49.3%	0.3%
Skammtímaskuldir	2,336,047	6.7%	2,100,411	6.2%	11.2%
Skuldir og eigið fé samtals	34,943,544	100.0%	34,133,079	100.0%	2.4%
Kennitölur					
EBITDA	3,917,509	39.7%	3,560,065	41.1%	10.0%
Veltufjárhlutfall	1.36		1.61		(15.5%)
Eiginfjárhlutfall	45.0%		44.5%		1.0%

Nánari upplýsingar veitir Páll Erland Forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 779 6200.